



ENDURSKOÐUN
Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi
og einn eigenda hjá BDO ehf.

Samspil innri og ytri endurskoðunar



Félag löggiltra endurskoðenda

Innbyrðis samskipti
innri og ytri endurskoðenda
skipta miklu máli
til að bæta innra eftirlitskerfi
og styðja fyrirtæki í
að ná enn betri árangri.

Í
nnri og ytri endurskoðendur gegna mikilvægu

eftirlitshlutverki hjá fyrirtækjum og stofnunum.
Ýmislegt er líkt með þessum stéttum en báðar hafa
þær eftirlit með innra eftirliti.

Í lögum um fjármálafyrirtæki er gerð krafa um að
fjármálafyrirtæki starfræki innri endurskoðunar-
deildir. Smærri fjármálafyrirtæki geta þó fengið
heimild til að útvísta innri endurskoðun til
móðurfélags eða til utanaðkomandi sérfræðings svo
sem endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis,
þó ekki til þess sama sem sinnir ytri endurskoðun.
Þrátt fyrir að það ekki sé krafa í lögum, er það að
verða algengara að önnur fyrirtæki en fjármála-
fyrirtæki starfræki slíkar deildir. Fyrir Alþingi
liggur nú frumvarp til laga um opinber fjármál. Í
frumvarpinu er gert ráð fyrir að innri endurskoðun
skuli framkvæmd hjá ríkisaðilum í A-hluta. Mikilvægi
innri endurskoðunar endurspeglast í greinargerð
með frumvarpinu en þar kemur fram að „tilgangur
innri endurskoðunar er að stuðla að bættum rekstri
ríkisaðila og auka líkur á því að markmiðum þeirra
verði náð með því að meta með kerfisbundnum
hætti skilvirkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og
stjórnarháttá“.

Mikilvægt er að stjórnir og stjórnendur fyrirtækja og
stofnana, sem ekki ber skylda samkvæmt lögum til
að starfrækja innri endurskoðunardeildir, íhugi vel
kosti þess að ráða starfsmann/starfsmenn til að
sinna innri endurskoðun eða útvísta innri
endurskoðun til fagaðila. Flest fyrirtæki og stofnanir

hafa formlega eða óformlega skilgreint stefnu og
markmið og vinna ötullega að því að ná markmiðum
sínunum. Innri endurskoðun getur staðfest á óháðan og
hlutlægan hátt að fyrirtækið hafi skilgreint þá þætti
sem hugsanlega gætu komið í veg fyrir að árangur
náist og hafi á kerfisbundinn hátt stýrt þessum
þáttum. Þannig geta fyrirtæki byggt upp virkt innra
eftirlit grundvallað á markmiðum fyrirtækisins.

Í lögum um endurskoðendur er löggiltur
endurskoðandi skilgreindur sem „sá sem hefur
þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á
reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum,
hefur löggildingu til starfa við endurskoðun ...“ Í
lögum er ytri endurskoðun skilgreind á eftirfarandi
hátt: „Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á
þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt
álit endurskoðanda um áreiðanleika og framsetningu
í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða
önnur skilyrði sem fram koma í álitsgerðinni.“

Í þeim fyrirtækjum og stofnunum þar sem bæði fer
fram innri og ytri endurskoðun er ljóst að vinna innri
og ytri endurskoðenda getur skarast þar sem báðir
þessir aðilar eru að prófa virkni innra eftirlits. Ytri
endurskoðendur beina þó sjónum sínum fyrst og
fremst að innra eftirliti með fjárhagsupplýsingum á
meðan sýn innri endurskoðanda er mun víðtækari
og þarf að beinast að öllum þáttum starfseminnar,
þ.m.t. fjárhagsupplýsingum en einnig stjórnarháttum
og áhættustýringu. Innri og ytri endurskoðendur
þurfa að eiga góð samskipti og fara yfir áhættumat
sameiginlega til að forðast tvíverknað. Þessi
samskipti eru talin það mikilvæg að settur hefur
verið sérstakur staðall fyrir ytri endurskoðendur með
kröfum og leiðbeiningum um hvernig þeir geti reitt
sig á störf innri endurskoðenda og hvernig ytri
endurskoðandi á að bera sig að við að yfirfara og
prófa vinnu innri endurskoðenda. Ytri endurskoðandi
getur þó ekki útvístað ábyrgð sinni til innri
endurskoðanda og því þarf hann að yfirfara vel hæfni
innri endurskoðanda og hvort vinna innri
endurskoðanda geti nýst í ytri endurskoðun.

Með aukinni þekkingu og reynslu á innri
endurskoðun reynir nú enn meira á samskipti innri
og ytri endurskoðenda. Saman gegna þessir aðilar
mikilvægu eftirlitshlutverki með innra eftirliti og
áhættustýringu og innbyrðis samskipti þeirra skipta
miklu máli til að bæta innra eftirlitskerfi og styðja
þannig fyrirtæki í að ná enn betri árangri.

**Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 18.
desember 2014 bls. 12.**